

**Ed.**

**167. Tillaga**

til þingsályktunar um greiðslu fyrir ljóslækningar styrkhæfra berklasjúklinga.

Flutningsm.: Bjarni Snæbjörnsson.

Alþingi ályktar, að greiða skuli úr ríkissjóði, eins og gert var til ársloka 1929, kostnað við ljóslækningar berklaveikra sjúklinga, sem samkvæmt berkla-

varnarlöggunum eru úrskurðaðir af stjórnarráðinu hæfir til ókeypis lækni-  
hjálp. Greiðslan skal fara eftir samningi, sem landlæknir gerir frá ári til árs  
við ljóslækningastofur, enda séu þær viðurkenndar af yfirlækni ljóslækninga-  
deildar landsspítalans og landlækni.

#### Greinargerð.

Síðan í árslok 1929 hefir ekkert fengizt greitt úr rikissjóði fyrir ljós-  
lækningar styrkhæfra berklaveikisjúklinga nema þeir hafi legið í landsspítalan-  
um eða öðruhvorum heilsuhælanna eða átt heima í Reykjavík. Önnur hrepps- og  
bæjarfélög, sem ekki hafa getað sent þessa sjúklinga á þessa staði, en hafa haft  
starfræktar ljóslækningastofur heima í héraði, hafa orðið að greiða þennan kostnað  
í viðbót við berklavarnarstyrkinn, og sjá allir, hvílíka ósanngirni þessi bæjar-  
félög eiga við að búa.